

# JAFNLAUNASTEFNA

Jafnlaunastefna Center Hotels er hluti af starfsmannastefnu fyrirtækisins. Markmið hennar er að tryggja að allt starfsfólk búi við sömu tækifæri og sé metið á eigin forsendum óháð kyni.

Jafnlaunastefnan tekur mið af því að:

- Laun séu greidd samkvæmt launastefnu fyrirtækisins sem byggir m.a. á menntun, þekkingu, reynslu og ábyrgð í starfi.
- Sambærileg laun séu greidd fyrir jafn verðmæt störf samkvæmt launastefnu fyrirtækisins.
- Stefnan sé kynnt og ávallt sýnileg öllum starfsmönnum fyrirtækisins og aðgengileg almenningi.
- Jafnlaunastefna fyrirtækisins er endurskoðuð reglulega.
- Brugðist er við athugasemdum og ábendingum er varða jafnlaunakerfið með formlegum hætti.
- Minnst einu sinni á ári er haldinn fundur með æðstu stjórnendum þar sem stefnan og framkvæmd hennar er metin og unnið að stöðugum umbótum á henni.
- Framkvæmdarstjórn fyrirtækisins ber ábyrgð á að fylgja eftir jafnlaunastefnu þessari.

**center  
hotels**